

**Kjarasamningur  
Rafiðnaðarsambands Íslands  
og  
Landsnets hf.**

**1. gr.**

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamning RSÍ og Landsnets.

**2. gr.**

**Launabreytingar á samningstímanum**

Launbreytingar 1. mars 2015

Þann 1. mars 2015 hækka laun og launatengdir liðir um 6,1%.

Launabreytingar 1. maí 2016

Þann 1. maí 2016 hækka laun og launatengdir liðir um 5,5%.

Launabreytingar 1. maí 2017

Þann 1. maí 2017 hækka laun og launatengdir liðir um 3,0%

Launabreytingar 1. maí 2018

Þann 1. maí 2018 hækka laun og launatengdir liðir um 2,0%.

**3. gr**

**Desember- og orlofsuppbót**

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár m.v. fullt starf er:

Á árinu 2015 kr. 112.744

Á árinu 2016 kr. 119.454

Á árinu 2017 kr. 124.824

Á árinu 2018 kr. 128.850

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) m.v. fullt starf er:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2015 kr. 112.744

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2016 kr. 119.454

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2017 kr. 124.824

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2018 kr. 128.850

*Handwritten notes and signatures in the bottom right corner:*  
km  
NS  
Hó  
EP  
128.850

**4.gr.**

Við grein 3.4 um kallvaktir bætist við nýr málsliður. Á helgidögum og stórhátíðardögum skv. grein 2.8 í kjarasamningi SA og RSÍ greiðist 50% af dagvinnukaupi starfsmanns.

**5. gr.**

Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum eða samningstíma á grundvelli forsenduákvæðis í kjarasamningum SA og aðildarsamtaka ASÍ frá 29. maí og 22. júní 2015, skal það sama gilda um samning þennan.

Þegar niðurstaða liggur fyrir á almennum vinnumarkaði um endurskoðun vinnutíma og álagsgreiðslna, sbr. bókun þar um í kjarasamningum SA og aðildarfélaganna ASÍ, munu aðilar hefja viðræður um sambærilegar breytingar á kjarasamningi þessum.

**6. gr.**

Samningurinn gildir til 31. desember 2018 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamningsins eigi síðar en 18. desember 2015.

Reykjavík, 7. desember 2015

F.h. RSÍ

*Kristín Þórunn Þorgeirsdóttir*  
*Haukeidshöfn*  
*Jón Guðrún Þulason*  
*Stjórnendur félagsmanna*

F.h. Landsnets hf.

*Ólafur*  
*Vigneyri*  
*Gunnar Sigurðsson*

## Bókun 1

Þann 1.11.2015 hækka laun starfsmanna um einn launaflokk

Þann 1.11.2016 hækka laun starfsmanna um einn launaflokk

## Bókun 2

Samningsaðilar munu halda áfram viðræðum um vinnutímafyrirkomulag. Komið verður á fót nefnd skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila. Hlutverk nefndarinnar er að leita leiða við að hækka grunnlaun og breyta vinnutímafyrirkomulagi með því að fella út fasta yfirvinnu ásamt milliferðagjaldi. Aðgerðir þessar skulu stuðla að því markmiði að auka jafnvægi milli einkalífs og vinnu. Aðilar eru sammála um að vinna þessi hefjist eigi síðar en 1. febrúar 2016 og verði lokið eigi síðar en í lok árs 2016. Gert er ráð fyrir að samningskostnaður vegna þessara breytinga nemi 2% og gildi frá næstu mánaðamótum eftir samkomulag hefur verið samþykkt. Ef ekki næst niðurstaða hækka allir starfsmenn um einn launaflokk þann 01.05.2018.

SSO  
HOS  
NS  
PPL